

Siðareglur starfsfólks Ölmu íbúðafélags hf.

Alma íbúðafélag hf. („félagið“) er sjálfstætt fasteignafélag í eigu Langasjávar ehf. Stefna félagsins er að bjóða viðskiptavinum sínum upp á öruggt og vandað leiguhúsnaði, hátt þjónustustig og sveigjanleika, í því skyni að gera leigumarkaðinn á Íslandi faglegri, fjölskylduvænni og traustari.

Þessum reglum er ætlað að vera starfsfólki Ölmu íbúðafélags leiðbeinandi við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi með það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum. Siðareglur þessar ná til allrar starfsemi félagsins. Þær gilda fyrir starfsmenn, stjórnendur, verktaka, aðra sem koma fram fyrir hönd félagsins og eftir atvikum stjórnarmenn þess.

1. Viðskiptahættir

Starfsfólk skal byggja ákvarðanir sínar samkvæmt lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðfræði ásamt samþykktum sem eiga við hverju sinni. Starfsfólki er gert að þekkja lagaumhverfið sem fyrirtækið starfar í.

Starfsfólk leggur áherslu á að stunda góða og heiðarlega viðskiptahætti.

Starfsfólk tekur tillit til efnahagslegra-, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við ákvarðanatöku.

2. Mannauður

Starfsfólk gætir þess að framkoma og athafnir sínar á vinnustað samrýmist því starfi sem hann gegnir.

Í samræmi við jafnréttistefnu félagsins fordæmir starfsfólk alla þáttöku í einelti, kynferðislegri og kynbundnu áreitni sem og öðru ofbeldi. Starfsfólk skal alltaf koma fram af heiðarleika.

Starfsfólk leggur sig fram við að halda uppi góðum starfsanda og jákvæðni í daglegum samskiptum.

Starfsfólk skal gæta trúnaðar og er bundið þagnarskyldu lögum samkvæmt um hvaðeina sem það kann að verða áskynja í starfi sínu varðandi viðskiptavini félagsins og um starfsemi félagsins. Þessi skylda helst þrátt fyrir að starfsfólk láti af störfum.

Starfsfólk skal gæta þess, hvort sem er innan eða utan tilskilins vinnutíma, að aðhafast ekkert það sem skaðað getur ímynd eða orðspor þeirra eða félagsins. Slík háttsemi getur t.d. falið í sér hugsanlegt misferli, ofbeldisbrot, refsiverða háttsemi eða hverjar aðrar athafnir sem geta dregið í efa hæfni þeirra og dómgreind til að sinna störfum fyrir félagið. Verði starfsfólk uppvíst um einhverja slíka hegðun getur það, allt eftir atvikum og alvarleika máls, haft í för með sér áminningu, uppsögn eða brottrekstur.

Við ráðningu skal starfsfólk staðfesta að það hafi lesið, skilið og muni starfa samkvæmt reglum félagsins.

Starfsfólki er óheimilt að stofna til kostnaðar eða skuldbinda Ölmu íbúðafélag hf. án samþykkis þar til bærri aðila og með samþykki framkvæmdastjóra.

3. Persónuvernd

Starfsfólk skal gæta að persónuvernd og bera virðingu fyrir friðhelgi og einkalífs annarra.

Starfsfólk vinnur eftir útgefinni persónuverndarstefnu og fylgir því verklagi við móttöku allra persónuupplýsinga.

4. Upplýsingagjöf

Starfsfólk skuldbindur sig til þess að veita eins réttar upplýsingar um störf og rekstur félagsins eins og kostur er.

5. Þjónusta

Starfsfólk leggur sig alltaf fram við að veita viðskiptavinum og samstarfsfólki sínu framúrskarandi þjónustu, gæta kurteisi og réttsýni í samskiptum.

Starfsfólk kemur fram af virðingu við viðskiptavinum okkar, samstarfsfólk og birgja.

Starfsfólk tryggir að allir viðskiptavinir okkar fá sömu þjónustu óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, trúarbrögðum, þjóðerni eða samfélagslegri stöðu.

6. Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á ársfresti eða oftár ef tilefni er til.

*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmu íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

*Gunnar Þór Gíslason
Eggert Árni Gíslason
Erna Gísladóttir*